

Fyrirspurn

til samgönguráðherra um strandsiglingar.

Frá Hlyni Hallssyni.

1. Hefur ráðuneytið kannað hvort unnt sé að stuðla að því að reglubundnar strandsiglingar hefjist að nýju?
2. Hefur ráðuneytið fylgst með athugunum einkaaðila að undanfögnu á því að taka upp slíkar siglingar og skoðað sérstaklega hvort unnt sé að greiða fyrir því að þær hefjist?
3. Verði ekki af því á næstunni að einkaaðilar telji sér fært að hefja strandsiglingar án utanaðkomandi stuðnings mun ráðuneytið þá skoða þann kost að bjóða slíka þjónustu út með svipuðum hætti og t.d. ferjusiglingar og áætlunarflug til afskekkttra staða, sbr. tillögu til þingsályktunar á þskj. 34 á þessu löggjafarþingi?